

Nr. 485

6. maí 2013

## REGLUGERÐ

**um framsal ráðherra á valdi sínu til að veita undanþágu frá innköllunarskyldu  
skv. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 36. gr.  
laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.**

1. gr.

Með reglugerð þessari framselur ráðherra vald sitt til að veita undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2013.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. maí 2013.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Valgerður Rún Benediktsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2013